

STJÓRNARTÍÐINDI B 9 – 2002

Nr. 41

66

22. janúar 2002

AUGLÝSING

um hættumat fyrir Neskaupstað.

Samkvæmt 2. mgr. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 með síðari breytingum hefur ráðherra þann 11. janúar 2002 staðfest tillögur hættumatsnefndar Fjarðabyggðar að hættumati fyrir Neskaupstað.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 22. janúar 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Nr. 42

22. janúar 2002

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010 vegna áforma um stóriðju að Hrauni, Fjarðabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 22. janúar 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990-2010 frá 27. maí 1992.

Við gildistöku aðalskipulagsbreytingar fellur úr gildi uppdrátturinn aðalskipulag Reyðarfjarðar 1990-2000 frá 27. maí 1992, með áorðnum breytingum. Greinargerð aðalskipulags Reyðarfjarðar 1990-2010 verður áfram í gildi með þeim breytingum sem lýst er í greinargerð með aðalskipulagsbreytingu þessari.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Fjarðabyggðar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 22. janúar 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.